

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes.

3. október 2022,
7. fundur, fundargerð.

Mánudaginn 3. október 2022 var haldinn 7. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30. Eftirtaldir aðalmenn eru boðaðir á fundinum, Linda Hrönn Þórisdóttir, Ingibjörg Hauksdóttir, Gnýr Guðmundsson, Hannes T. Hafstein, Bjarni Ingimarsson og Svanur Karl Grétarsson. Svanur var viðstaddur fundinn með fjarfundarbúnaði, en Gnýr boðaði forföll. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig boðaðir á fundinn, Hörður Þorsteinsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir og Ríkharður F. Friðriksson.

1. Skipulagsmál

1.1. Umsögn um nýtt deiliskipulag fyrir Miðdal, lóðanr. 213970.

Lagt fram erindi Láru Gunnarsdóttur verkefnastjóra skipulagsmála í Mosfellsbæ, þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðiseftirlisins á breytingum á deiliskipulagi milli Nesjavallavegar og Selvatns, þ.e. lóð nr. 213970. Um er að ræða breytingu þar sem skipulagi er breytt með þeim hætti að heimilt verði að reisa allt að sex frístundahús á lóðinni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna en kemur að ábendingum um að rotþræur skuli vísa í reglugerð um fráveitur og skolp og jafnframt að svæðið sé innan öryggissvæði vatnsverndar og því nauðsynlegt að skila inn áhættumati sem tekur til rekstur og framkvæmda. Jafnframt er í vakin athygli á að samkvæmt samþykktum um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu eru framkvæmdir og mannvirkjagerð á öryggissvæði vatnsverndar starfsleyfis skyld hjá heilbrigðisnefnd.

Þá óskar heilbrigðiseftirlitið eftir að í deiliskipulagi verði gert grein fyrir hvers konar vindmyllur er heimilt að reisa og vakin athygli á að spennar eða þéttar við þær innihaldi ekki olíu eða önnur mengandi efni.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

1.2. Umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir Vetrarmýri og Smalaholt.

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Garðabæ þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlitsins á deiliskipulagi fyrir Vetrarmýri og Smalaholt, íþrótt- og útivistarsvæði. Innan deiliskipulagsins er Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar í Vetrarmýri og útivistarskógur Skógræktarfélags Garðabæjar í Smalaholti. Viðfangsefnið er að samþætta golf- og skógræktarsvæðin með áherslum á ofanvatnslausnir, íþróttaiðkun og útivist auk breyttrar veglínu hluta af Vífilstaðavegar að Kjóavöllum. Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem það mun fella í sér framkvæmd sem háð er mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags, en áskilur sér rétt að koma athugasemdum, þegar umhverfisskýrsla og greining umhverfisáhrifa liggur fyrir.

1.3. *Umögn um breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar og á deiliskipulagi í Straumsvík.*

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Hafnarfirði dags. 14.09.2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar 2013-2025 og breytingu á deiliskipulagi álversins í Straumsvík. Forsendur skipulagsbreytinganna er að bæta hafnaraðstöðu við Straumsvíkurhöfn og bæta vegatengingar milli hafnar- og iðnaðarsvæðis sunnan við Reykjanesbraut.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við framkomna skipulags- og matslýsingu, en vekur athygli á eftirfarandi bókun nefndarinnar frá 25. apríl sl. þar sem fjallað var um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, niðurfelling á þynningarsvæði en þar kom fram að nefndin telji að í deiliskipulagi á þessu svæði eigi að setja bann við landbúnaði, matvælavinnslu, allri búsetu og reksturs viðkvæmrar starfsemi.

1.4. *Umsögn um deiliskipulagsbreytingu lðnaðarsvæðisins í Kapelluhrauni og Straumsvík.*

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Hafnarfirði dags. 14.09.2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulags lðnaðarsvæðisins í Kapelluhrauni og Straumsvík. Viðfangsefni deiliskipulagsins er að afmarka lóðir fyrir Coda Terminal á vegum Carbfix ohf. og gera grein fyrir framtíðaráformum ÍSAL á skipulagssvæðinu, en skipulagið nær til lóðar álversins beggja vegna Reykjanesbrautar. Samhliða skipulagsbreytingunum er unnið að umhverfismati framkvæmda.

Á fundi heilbrigðisnefndar sem haldinn var 25. apríl sl. var fjallað um breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, niðurfellingu á þynningarsvæði þar sem fram kemur að nefndin telji að í deiliskipulagi á þessu svæði eigi að setja bann við viðkvæmri starfsemi s.s. matvælavinnslu og allri búsetu.

Þá væntir nefndin þess að í umhverfismati framkvæmdar vegna Carbfix verkefnisins, verði ítarleg umfjöllun um hugsanlega vatnstöku á svæðinu, áhrif hennar á vatnafar í tjörnum í Straumsvík og öðrum lindum á svæðinu.

1.5. *Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg í Kópavogi og Mosfellsbæ.*

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Kópavogi og skipulaginu í Mosfellsbæ þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Suðurlandsveg í Kópavogi og Mosfellsbæ. Um er að ræða 5,6 km. af legu Suðurlandsvegar frá Geithálsi vestan Hólmsár að tvíbreiðum hluta Suðurlandsvegar ofan Lögbergsbrekku.

Með erindinu fylgdi greinargerð deiliskipulags dagsett 30.06.2022 unnin af Eflu verkfræðistofu fyrir Kópavog, Mosfellsbæ og Vegagerðina. Uppdrættir er sýna legu vegar og matsskýrslan *Suðurlandsvegur frá Hólmsá að Hveragerði* frá 2009. Skipulagsstofnun samþykkti í september 2021 að breytingar á útfærslu vegar og gerð hliðarvega kallaði ekki á nýtt umhverfismat.

Áformuð vegagerð er öll á verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins (fjarsvæði og á öryggissvæði). Vegagerð og aðrar framkvæmdir eru leyfissskyldar hjá heilbrigðisnefnd sbr. ákvæði í samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við framkomna skipulagstillögu. Nefndin minnir þó á að vegna ríkra vatnsverndarsjónarmiða og vegna öryggis neysluvatnsöflunar þarf að huga vel að allri hönnun og skipulagi framkvæmdar. Áformaðar framkvæmdir eru leyfisskyldar hjá heilbrigðisnefnd að undangengnu áhættumati.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að ganga frá greinagerð samhliða umsögn nefndarinnar þar sem fjallað skuli nánar um leyfismál og skilyrði til að tryggja nægar mengunarvarnir og öryggi og með hliðsjón af umræðum í heilbrigðisnefnd.

2. Rekstrarmál

2.1. Fjárhagsáætlun 2023 og gjaldskrá fyrir árið 2023.

Lagt fram tillaga að gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsgjalda fyrir árið 2023 og gjaldskrá fyrir hundahald. Þá kynnti framkvæmdastjóri rekstrarstöðu miðað við 31. ágúst og afkomuspá heilbrigðiseftirlitsins miðað við árslok. Þá var farið yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2023, en gjaldskrá reiknast í samræmi við heildargjöld eftirlitsins og í samræmi við eftirlitsáætlun ársins 2023.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að ganga frá fjárhagsáætlun með hliðsjón af umræðum á fundinum og senda aðildarsveitarfélögunum hana til umfjöllunar og ganga frá gjaldskrá eftirlitsins í samræmi við forsendur áætlunarinnar að fenginni samþykkt sveitarfélaganna.

3. Önnur mál

3.1. Álit Skipulagsstofnunar á framkvæmdum við Ásvelli.

Lagt fram til kynningar álit Skipulagsstofnunar um uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði. Skipulagsstofnun tekur undir það sjónarmið heilbrigðisnefndar sem fram kom í umsögn hennar um Umhverfismatsskýrslu um framkvæmdina að verið væri að taka áhættu með því að reisa stórt knatthús steinsnar frá viðkvæmri náttúru líkt og ráðgert er verði valkostur A fyrir valinu.

3.2. Samþykktir um hundahald

Tillaga að samræmdum samþykktum um hundahald hefur verið tekin fyrir hjá öllum aðildarfélögunum og voru þær samþykktar án athugasemda. Verða samþykktirnar nú lagðar til samþykkis hjá ráðherra í samræmi við 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

4. Starfsleyfi og umsagnir

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 31. ágúst 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Reykjavíkurvegur 66, Hafnarfjörður – Tannlæknastofa*

Lögð fram umsókn Ágústs Gunnarssonar f.h. Tannlæknastofu Ágústs J. Gunnarssonar sf., kt.690692-2529 dags. 23.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu. Fasteignanr. F2222643. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 31.08.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. *Selbrekka 2, Kópavogur – Gisting í flokki II*

Lögð fram umsókn Sigurðar Jóhanns Finnssonar f.h. Sjf ehf., kt.481215-0990, dags. 10.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir rekstri gististaðar í flokki II. Fasteignanr. 206-4819. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Umsóknir um tóbaksleyfi sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. *Smáratorg 3, Kópavogur – smásala í netsölu*

Lögð fram umsókn fyrir Heimkaup, kt. 430910-0190, dags. 21.11.2021 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir smásölu í netsölu að Smáratorgi 3, Kópavogi.

Minnisblað 31.08.2022.

Leyfisveiting staðfest.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. *Urriðavatn, Golfklúbburinn Oddur, Garðabær – veitingastaður*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.08.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ég er – ferðir ehf., kt. 471014-0600 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II., í Golfklúbbnum Oddur Urriðavatni .fnr.206-8979.

Jákvæð umsögn staðfest .

2. *Kaplakriki, Hafnarfjörður, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 24.08.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Verslunarskóla Íslands, kt. 441079-0609 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir 1200 ungmenni þann 07.09.22 frá kl.21:00-01:00 í tilefni af skóladansleik sem fram fer í Íþróttahúsi Kaplakrika Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest.

3. *Strandgata 53, Hafnarfjörður, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.08.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla kt. 430985-0789 þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir 750 ungmenni þann 22.10.22 frá kl.22:00-01:00 í tilefni af skóladansleik sem fram fer í Íþróttahúsinu Strandgötu Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest.

4. *Selbrekka 20, Kópavogur, gistiheimili í flokki II*

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.08.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigurður Jóhanns Finnssonar kt.021068-3149 til að reka gististað í flokki II á neðri hæð íbúðarhús að Selbrekku 20 í Kópavogi. Fasteignanr. 206-4819. Fjöldi gesta 5.

Jákvæð umsögn staðfest.

5. *Íþróttahús Gróttu, Seltjarnarnesi – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.08.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kára Garðarssonar kt.190981-5419 þar sem sótt er um tækifærisleyfi til að halda verbúðarball Gróttu í Íþróttahúsi Gróttu, Suðurströnd 8, Seltjarnarnesi, dags.10.09.2022. Áætlaður gestafjöldi er 1000 og verður skemmtanahaldið frá kl.20:00-01:00.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.08.22.

Jákvæð umsögn staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 7. september 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Urriðaholtsstræti 22, Garðabæ – endurhæfing*

Lögð fram umsókn Unnars Mús Unnarssonar f.h. Sigma ehf., kt: 420522-0370, dags.03.08.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir endurhæfing (Kírópraktor, nuddstofa) að Urriðaholtsstræti 22, Garðabæ. Fasteignanr. 2361747. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.09.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 07.09.2022. Jákvætt svar byggingafulltrúa 07.09.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

http
B.I.

2. *Hringbraut 77, Hafnarfjörður – nuddstofa*

Lögð fram umsókn Magnúsar Gunnarssonar f.h. Nudd og Leiðsögn ehf., kt.610722-1130, dags. 29.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir nuddstofu í Suðurbæjarlaug að Hringbraut 77, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076173. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.09.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. *Reykjavíkurvegur 70, Hafnarfjörður – framleiðsla umbúða*

Lögð fram umsókn Sigrúnar Eddu Eðvarðsdóttur f.h. Umbúðagerðin ehf., kt.590214-1670, dags. 31.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu pappambúða að Reykjavíkurvegi 70, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078676. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.09.2022. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 07.09.2022. Jákvætt svar byggingafulltrúa, dags.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Tóbaksleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Smáratorg 3, Kópavogur – smásala í fjarsölu*

Lögð fram umsókn fyrir Wedo ehf, kt. 430910-0190, dags. 19.11.2021 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir smásölu á neti að Smáratorgi 3, Kópavogi. Minnisblað dags. 31.08.2022.

Leyfisveiting staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 14. september 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Skógarlundur 8, Garðabær – niðurrif*

Lögð fram umsókn Björns Thors, kt.120178-4589, dags. 13.09.2022, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á asbesti úr bílskúr að Skógarlund 8, Garðabæ. Fasteignanr.F2072165.

Eftirlitsskýrsla dags. 14.09.2022

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 30.09.2022

2. *Strandvegur 23, Garðabær– dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Sigurbjörns Ingimundarsonar f.h. Mói ölgerðarfélag ehf., kt. 591121-1540, dags. 04.09.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla með lögheimili að Strandvegi 23, Garðabæ. Ný starfsemi. Dreifing frá matvælafyrirtæki. Eftirlitsskýrsla dags. 14.09.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaeglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3. *Urriðaholtsstræti 18, Garðabæ – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Eyrúnar Þorleifsdóttur f.h. Snyrtistofan Rúnir ehf., kt: 670422-2240, dags. 18.07.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Urriðaholtsstræti 18, Garðabæ. Fasteignanr. 250-1430, Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla 13.09.2022. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.07.2022. Jákvætt svar 04.08.2022. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4. *Trönuhraun 7, Hafnarfjörður – framleiðsla efnavöru*

Lögð fram umsókn Erlings Guðleifssonar f.h. Gefn ehf., kt.540610-1770, dags. 25.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu efnavara að Trönuhrauni 7, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076173. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla 31.08.2022. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 31.08.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 01.09.2022. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. *Nýbýlavegur 20, Kópavogi - framleiðsla matvæla, veitingahús*

Lögð fram umsókn Karen Zien Thi Wgien f.h. KK veitinga ehf., kt. 670710-0680 dags. 27.07.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu matvæla og reksturs veitingahús að Nýbýlavegi 20 í Kópavogi. Fasteignanr. F2064415. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 24.08.2022. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

6. *Perlukór 3D, Kópavogur – matvælavagn*

Lögð fram umsókn Arnfríðar Helgadóttur, f.h. Hátíðarvagninn ehf., kt.650822-0480, dags. 29.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfis fyrir matvælavagn með aðsetur að Perlukór 3D, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 14.09.2022. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

7. *Ögurhvarf 4B, Kópavogur – hundaskóli*

Lögð fram umsókn Björns Ólafssonar kt. 170657-5359, f.h. Hundaskóla Heimsenda Hunda, dags. 06.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hundaskóla að Ögurhvarfi 4B, Kópavogi. Fasteignanr. F2066562. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 06.02.2021. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 4 ára.

Tóbaksleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísun til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður – matvöruverslun*

Lögð fram umsókn fyrir Samkaup hf., (Iceland Hafnarfirði), kt. 5712983769, dags. 07.09.2022 þar sem sótt er um endurnýjun tóbaksleyfis fyrir Iceland Hafnarfirði ,Staðarbergi 2-4. Eftirlitsskýrsla dags.17.05.2022. Leyfisveiting staðfest.

3. *Engihjalli 8, Kópavogur – matvöruverslun*

Lögð fram umsókn fyrir Samkaup hf., (Iceland Engihjalla), kt. 5712983769, dags. 07.09.2022 þar sem sótt er um endurnýjun tóbaksleyfis fyrir Icelan Engihjalla, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.09.2022.

Leyfisveiting staðfest

4. *Hamraborg 11, Kópavogur – krá/veitingastaður*

Lögð fram umsókn fyrir Cafe Catalina, kt. 460598-3709, dags. 19.07.2022 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir krá/veitingastað Hamraborg 11, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 07.09.2022.

Leyfisveiting staðfest

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. *Víkurhvarf 5, Kópavogir – kaffihús, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu móttekið dags. 13.09.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Dýrheimar sf., kt. 610295-2749 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir kaffihús í fl. II, að Víkurhvarfi 5, Kópavogi. fnr.F2289854

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfi dags. 24.08.2022

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 21. september 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Kauptún 3, Garðabæ – Matvöruverslun*

Lögð fram umsókn Auðuns Pálssonar f.h. Bónus ehf. kt. 450199-3389, dags. 22.08.2022, þar sem sótt er um endurnýjun starfsleyfis fyrir matvöruverslun að Kauptúni 3, Garðabæ. Fasteignanr. F2314635. Endurnýjuð starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 14.09.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. *Litlatún 3, Garðabæ – veitingaverslun*

Lögð fram umsókn Sigrúnar Hauksdóttur, kt. 020862-4249, f.h. Lux Veitingar ehf. kt.521218-1260 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingaverslun með unnar kjötvörur í neytendaumbúðum í verslun Hagkaupa að Litlatúni 3, 210 Garðabæ. Fasteignanr. 230-5334. Ný umsókn.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.09.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3. *Kauptún 5, Garðabæ – Leikskóli*

Lögð fram umsókn Guðmundar Péturssonar kt.101151-2479 dags. 09.08.2022, f.h. Skólar ehf. kt.630800-2930, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir 6. deilda leikskóla að Kauptúni 5 í Garðabæ.

Fasteignanúmer, (bráðbirgðabygging).

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 10.08.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 31.08.2022
Eftirlitsskýrsla dags. 20.09.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

4. Kirkjulundur 17, Garðabær – Bálfararstofa gæludýra

Lögð fram umsókn Björns Styrmis Árnasonar, f.h. Fjölráð ehf., kt.510602-2930, dags. 08.09.2022, þar sem sótt er um leyfi til reksturs brennsluofns að Kirkjulundi 17, Garðabæ. Fasteignanr.F2257676. Eftirlitsskýrsla dags. 14.09.2022.

Bréf sent til byggingafulltrúa: 14.09.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 14.09.2022.

Heilbrigðisnefnd samþykkti starfsleyfisumsókn á fundi nefndarinnar dags. 28.09.2020 með fyrirvara um samþykki húsnæðisins. Jákvæð afstaða byggingafulltrúa liggur nú fyrir. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Fannborg 2, Kópavogur – Skólahúsnæði

Lögð fram umsókn Brynhildar Bergmann Kjartansdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 05.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skóla- og félagsaðstöðu að Fannborg 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2060378. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 20.09.2022

Bréf sent til byggingafulltrúa: 14.09.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 20.09.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs.

6. Hamraborg 12, Kópavogur – sjálfsafgreiðslu bensínstöð

Lögð fram umsókn Arnar Franzsonar f.h. Olís ehf., kt.50269-3249 dags. 30.08.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bensínstöð að Hamraborg 12, Kópavogi. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 16.09.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 01.04.2023. Vakin er athygli á þeim fyrirvörum sem fram koma í starfsleyfinu.

7. Klappahlíð 22, Mosfellsbær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Brynjólfs Ómarssonar f.h. Engifer ehf., kt. 630222-1090, dags. 13.09.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla með lögheimili að Klapparhlíð 22, Mosfellsbæ. Ný starfsemi. Dreifing frá Smiðjuvegi 4, (Geymslur.is). Eftirlitsskýrsla dags. 21.09.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. Kaplakriki, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.09.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Pragma, félag verkfræðinema kt.590805-0760 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir

skemmtun í Íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði, dags.01.10.2022, frá kl.18:00-02:00. Áætlaður gestafjöldi er 600.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. *Vallakór 12-14, Kópavogur – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.09.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kópavogsbæjar kt.700169-3759 þar sem sótt er um tækifærisleyfi til að halda árshátíð Kópavogsbæjar í Íþróttahúsinu Kórnum, Vallakór 12-14, Kópavogi, dags.01.10.2022. Áætlaður gestafjöldi er 1800 og verður skemmtanahaldið frá kl.18:00-02:00.

Jákvæð umsögn staðfest með vísan til starfsleyfis dags. 17.05.2022.

3. *Varmárbakkar, Mosfellsbær – samkomusalir, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.09.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Hestamannafélagið Hörður., kt. 650169-4259 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal í fl. II, Harðarbol Varmárbökkum, Mosfellsbæ. fnr.252-1238.

Heilbrigðisnefnd staðfestir að starfsemin er í samræmi við starfsleyfi Hestamannafélagsins Harðar. Vakin er athygli á að starfsemin er í nálægð við íbúðabyggð og því mikilvægt að hávaði frá starfseminni berist ekki að nærliggjandi íbúðarhverfi.

4. *Vogatunga 59, Mosfellsbær – gististaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.08.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Igloo ehf., kt. 540115-1410 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II C, Vogatunga 59, Mosfellsbæ. fnr.2331504

Heilbrigðiseftirlitið veitir neikvæða umsögn um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II þar sem húsnæðið uppfyllir ekki kröfur byggingafulltrúa.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 28. september 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Bæjarhraun 4, Hafnarfirði – efnalaug*

Lögð fram umsókn Einars Halldórssonar f.h. Efnalaugin Glæsir ehf., kt.580822-1180, dags.14.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir efnalaug að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði. Fasteignanr. F207-4255. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 28.09.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2. *Selhella 3, Hafnarfjörður – naglasnyrtistofa*

Lögð fram umsókn Sigríðar Guðmundsdóttur kt. 061281-4609 f.h. Perfect neglur ehf /Naglasnyrtistofa, dags. 18.07.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir naglasnyrtistofu að Selhelli 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2298591. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.09.2022.

Jef

http

13.1.

[Signature]

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 28.09.2022. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 3.10.2022.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er mælt með starfsleyfi til 12 ára.

3. *Selhella 3, Hafnarfjörður – hársnyrtistofa*

Lögð fram umsókn Ölmú Brown Jónsdóttur f.h. X-Hárstofa, dags. 25.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofu að Selhelli 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2298591. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.09.2022. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 28.09.2022. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 3.10.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4. *Selhella 3, Hafnarfjörður – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Auðar Óskar Gunnarsdóttur f.h. Snyrtistofan Silfur, dags. 25.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Selhelli 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2298591. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.09.2022. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 28.09.2022. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 3.10.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. *Sléttuhlíð B2, Hafnarfjörður – gististaður*

Lögð fram umsókn Arngunnar Ýrar Gylfadóttur kt. 281062-6549 f.h. Mosi, dags. 22.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Sléttuhlíð B2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2080981. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.09.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 26.09.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

6. *Digranesvegur 77, Kópavogur – niðurrif*

Lögð fram umsókn Friðriks Einarssonar kt.060471-5099, dags. 18.09.2022, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á á utanhússklæðningu á Digranesvegi 77, Kópavogi. Fasteignanr.F2059654. Eftirlitsskýrsla dags. 28.09.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 04.10.2022.

7. *Hamraborg 9, Kópavogur – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Monika Sylwia Dzikowska kt. 111288-4029 f.h. Permanent Makeup Studio, dags. 21.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Hamraborg 9, Kópavogi. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.28.09.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. *Hlíðasmári 13, Kópavogur – gististaður*

Lögð fram umsókn Bjarndísar Líf Friðþjófsdóttur f.h. Island ProHotels ehf., kt. 650121-1980, dags. 08.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Hlíðasmára 13, Kópavogi. Fasteignanr. F2240149,F2240150,F2240151,F2240152,F2240153,F2240154. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 26.09.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

htb

31

9. Skemmuvegur 4, Kópavogur – Veitingavagn

Lögð fram umsókn Guðrúnar Kristmundsdóttur f.h. Bæjarins Bestu sf., kt. 600794-2569, dags. 12.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingasölu frá smáhýsi/veitingavagn að Skemmuvegi 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 28.09.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla – og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

10. Smiðjuvegur 4, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Helenu Bich Anh Phang f.h. Velox ehf (Thai Viet) kt. 530809-0560 dags. 07.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2065220. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 27.09.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

11. Ögurhvarf 1, Kópavogur – heilsuræktarstöð

Lögð fram umsókn Björns Leifssonar, f.h. Laugar ehf., kt.631098-2079, dags. 19.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfis fyrir líkamsræktarstöð að Ögurhvarfi 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2277057. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 28.09.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

12. Háholt 13-15, Mosfellsbæ – veitingastaður

Lögð fram umsókn Guðmundar Ó. Pálssonar, f.h. Rna38 ehf (Smass). kt.590111-0660, dags. 12.09.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Háholti 13-15, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2291517. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.09.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. Sléttuhlíð B2, Hafnarfjörður – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.09.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Arngunnar Ýrar Gylfadóttur, kt. 281062-6549 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II, Mosi Sléttuhlíð B2. fnr.2080981.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfi dags. 28.09.2022.

2. Dalsmári 5, Kópavogur – tækifærisleyfi KR (afgr.28.09)

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.08.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Concept Events ehf., kt.710714-0370 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skemmtun í Smárinna/Fífann, Dalsmári 5, Kópavogi dags.24.09.2022 frá kl.18:00-01:00. Áætlaður gestafjöldi er 12-1400.

Jákvæð umsögn staðfest dags. 23.09.2022.


Linda Hrönn Þórisdóttir

Svanur Karl Grjetarsson


Ingibjörg Hauksdóttir


Bjarni Ingimarsson


Hannes T. Hafstein

Skjal sótt af '000000000000' dags: 18.08 2026